

**Ed.**

### **375. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 35 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Við 16. gr. b-liður greinarinnar falli niður.
3. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.
4. Við 19. gr. Í stað „yfirvalds“ í síðasta málsl. greinarinnar komi: lögreglustjóra.
5. Við 21. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Þeim, sem þiggur framfærslustyrk og er vinnufær að dómi læknis og ekki getur sjálfur útvegað sér starf, er skylt að fara til atvinnurekstrar við venjuleg skilyrði hvar sem atvinnu er að fá á landinu, sem sveitar- eða bæjarstjórn útvegar honum og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum, enda fullnægi starf það, sem honum er útvegað, að minnsta kosti framfærsluþörf meðalheimilis. Skylt er honum að hlíta fyrirmælum bæjar- eða sveitarstjórnar fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vinna sú, er honum var boðin, sé honum fullnægjandi til framfærslu heimilisins eða honum um megn að vinna. Málið getur hann kært til lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verkalýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

6. Við 22. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
7. Við 23. gr. Greinin falli niður.
8. Við 29. gr. Á eftir fyrri málsl. greinarinnar komi nýr másl., svo hljóðandi: Ráðskonu eða vinnukonustarf telst ekki falla undir þetta ákvæði.
9. Við 31. gr.
  - a. Upphaf meginmálsgreinarinnar orðist þannig:  
Nú hefir styrkþega verið ráðstafað o. s. frv.
  - b. Síðari másl. 2. málsgr. falli niður.